

11. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 25. nóv. 2010 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Steinunn Leósdóttir, Björn Guðmundur Björnsson og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði að fá að setja sem inn sem lið 9. ákvörðun vegna útsvarshlutfalls 2011 Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. **Fundargerð sveitarstjórnar dags. 11.11.2010**
Lögð fram til kynningar.
2. **Fundargerð Eypings dags. 26.10.2010**
Lögð fram til kynningar.
3. **Fundargerð Menningarráðs Eypings dags. 12.11.2010**
Lögð fram til kynningar.
4. **Skýrsla sveitarstjóra.**
 - Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
 - Sveitarstjóri sagði frá því að hann hafi átt fund með framkvæmdarstjóra Ísfélagsins um kaup á Langanesvegi 1. Mikil umræða fór fram um málið.
Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri vinni áfram í málinu.
5. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 08.11.2010**

Í bréfi frá sambandinu er verið að óska eftir þriggja ára samningi vegna áframhaldandi vinnu í verkefninu hagsmunagæsla í úrgangsmálum.
Samþykkt samhljóða að taka þátt í verkefninu frá jan.2011 til 31.des.2013.
6. **Tilboð í Fjarðarveg 29 (Bakki) dags. 17.11.2010**

Eitt tilboð barst í fasteignina, frá Sveinbjörgu Aðalsteinsdóttir að upphæð 505.000 sem greitt yrði við undirskrift samnings.
Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá sölu á að uppfylltum skilyrðum í tilboðsgögnum.
7. **Bréf frá Stígamótum dags. 01.11.2010**
Lagt fram til kynningar.
8. **Kjörskrá Langanesbyggðar vegna stjórnlagabings.**

Fundamenn lásu yfir kjörskrána engar athugasemdir voru gerðar, sveitarstjóra falið að undirrita kjörskrána.
Samþykkt samhljóða.
9. **Ákvörðun útsvarshlutfalls 2011**

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2011 verði óbreytt, þ.e. 13,28% en með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig sem af því leiðir, verður álagningarhlutfallið 14,48% á árinu 2011.
Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundagerðin upplesin og samþykkt samhljóða.
Fundu slitið kl. 18:10

